

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 479/2006

2008/EES/76/09

frá 23. mars 2006

að því er varðar leyfi fyrir tilteknum aukefnum sem tilheyra flokknum snefilefnasambönd(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fóðri ⁽¹⁾, einkum 3. gr. og 9. gr. d,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ⁽²⁾, einkum 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður.
- 2) Í 25. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er mælt fyrir um bráðabirgðaráðstafanir vegna umsókna um leyfi fyrir aukefni í fóðri sem eru lagðar fram í samræmi við tilskipun 70/524/EBE fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknir um leyfi fyrir aukefnum, sem eru skráð í viðaukanum við þessa reglugerð, voru lagðar fram fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 4) Fyrstu athugasemdirnar um þessar umsóknir, eins og kveðið er á um í 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE, voru sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Því skal meðhöndla þessar umsóknir áfram í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE. Fyrstu athugasemdir um þessar umsóknir voru gerðar skv. 4. mgr. 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE og sendar til framkvæmdastjórnarinnar fyrir gildistökudag reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Slíkar umsóknir skal því meðhöndla í samræmi við 4. gr. tilskipunar 70/524/EBE.

- 5) Umsækjandi sótti um leyfi fyrir járn-, mangan-, kopar- og sinkflókum með smíðað glýsín sem klóbindli. Notkun klóbindinna forma gæti leyst sum þeirra vandkvæða varðandi upptöku sem koma upp þegar önnur form eru notuð. Sambærileg vara, með aminósýru sem er framleidd úr sojaprótíni, hefur verið leyfð. Í þessari umsókn um leyfi eru snefilefnin hins vegar klóbindin með smíðuðu glýsín, og því þarf sérstakt leyfi.
- 6) Umsækjandi lagði fram málsskjöl sem styðja notkun járn-, mangan-, kopar- og sinkflóka með smíðað glýsín sem klóbindli í fóðri.
- 7) Framkvæmdastjórnin fór þess á leit við Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnunin“) að hún legði mat á þau gögn sem styðja umsóknina um leyfi. Í kjölfar þessarar beiðni samþykkti stofnunin 29. nóvember 2005 álit um notkun járn-, mangan-, kopar- og sinkflóka með smíðað glýsín sem klóbindli í fóðri.
- 8) Álit stofnunarinnar hefur leitt í ljós að skilyrði fyrir slíku leyfi, sem mælt er fyrir um í 3. gr. a í tilskipun 70/524/EBE, hafa verið uppfyllt. Þar af leiðandi ber að leyfa notkun á járn-, mangan-, kopar- og sinkflókum með smíðað glýsín sem klóbindli.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 86, 24.3.2006, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2006 frá 22. september 2006 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 60, 30.11.2006, p. 17.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1800/2004 (Stjtið. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29. Reglugerðinni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 378/2005 (Stjtið. ESB L 59, 5.3.2005, bls. 8).

Efnablöndurnar, sem tilheyra flokknum „snefilefnasambönd“ og tilgreindar eru í viðaukanum, eru leyfðar án tímamarka sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. mars 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

EB-nr.	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg ⁻¹ heilföðurs	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
E4	Kopar — Cu	Vatnað koparklósamband glýsíns	Cu (x) ₁₋₃ nH ₂ O (x = mínusjón smíðaðs glýsíns)	Svín — Smágrísir, allt að 12 vikum: 170 (samts) — önnur svín: 25 (samts) Nautgripir 1. nautgripir áður en jórtur hefst: staðgöngumjólk: 15 (samts) annað heilföður: 15 (samts) 2. aðrir nautgripir: 35 (samts) Sauðfê: 15 (samts) Fiskur: 25 (samts) Krabbadýr: 50 (samts) Aðrar tegundir: 25 (samts)	Eftirfarandi yfirlýsingum skal bætt við merkingar og fylgiskjöl: — Vegna sauðfjár: Ef styrkur kopars í fœðri er yfir 10 mg/kg ⁻¹ : „styrkur kopars í þessu fœðri kann að valda eitrun í sumu sauðfjáarkyni.“ — Vegna nautgripa eftir að jórtur hefst: Ef styrkur kopars í fœðri er undir 20 mg/kg ⁻¹ : „styrkur kopars í þessu fœðri kann að valda koparskortri í nautgripum sem eru höfð í bithögum með miklu magni mólýbdens eða brennisteins.“	Án tímamarka
E5	Mangan — Mn	Vatnað manganklósamband glýsíns	Mn (x) ₁₋₃ nH ₂ O (x = mínusjón smíðaðs glýsíns)	Fiskur: 100 (samts) Aðrar tegundir: 150 (samts)		Án tímamarka
E6	Sink — Zn	Vatnað sinkklósamband glýsíns	Zn (x) ₁₋₃ nH ₂ O (x = mínusjón smíðaðs glýsíns)	Gæludýr: 250 (samts) Fiskur: 200 (samts) Staðgöngumjólk: 200 (samts) Aðrar tegundir: 150 (samts)		Án tímamarka

Nr. (eða EB-nr.)	Frumefni	Aukefni	Efnaformúla og lýsing	Hámarksinnihald frumefnisins í mg/kg ⁻¹ heilfóðurs eða í mg á dag	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
E1	Járn — Fe	Vatnað ferróklósamband glýsíns	Fe(x) _{1,3} nH ₂ O (x = mínusjón smíðaðs glýsíns)	<p>Sauðfé: 500 (samtals) mg/kg⁻¹ heilfóðurs</p> <p>Gæludýr: 1250 (samtals) mg/kg⁻¹ heilfóðurs</p> <p>Svín:</p> <ul style="list-style-type: none"> — Smágrísir allt að einni viku áður en þeir eru vandir undan: 250 mg á dag — önnur svín: 750 (samtals) mg/kg⁻¹ heilfóðurs <p>Aðrar tegundir: 750 (samtals) mg/kg⁻¹ heilfóðurs</p>		Án tímamarka